

**66. þing**  
**Sundsambands Íslands**  
**Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7**  
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 15**

**66. þing Sundsambands Íslands haldið í húsakynnum SÁÁ í Efstaleiti 29. Mars 2025**

Skorar á íslensk stjórnvöld að.....

Sundsamband Íslands (SSÍ) beinir hér með formlegri áskorun til stjórnvalda um að setja fram og innleiða skýra og markvissa stefnu til næstu fimm ára um aukinn fjárstuðning við afreksíþróttir á Íslandi, með sérstakri áherslu á sundíþróttina.

1. Styrkur til afreksíþróttar

Við köllum eftir því að stjórnvöld tryggi:

- Markvissan og fyrirsjáanlegan fjárstuðning til afreksíþróttar með fimm ára áætlun, sem veitir íþróttafólki og aðstandendum þeirra fyrirsjáanleika í undirbúningi og þjálfun.
- Aukinn stuðning við ungt og efnilegt íþróttafólk með skýrum styrkjum til þjálfunar, keppnisferða og annarra nauðsynlegra útgjalda.
- Betri umgjörð og skipulag fyrir landslið og afreksfólk, þar sem áhersla er lögð á faglegt starf til lengri tíma.
- Tryggt grunnfjármagn til afreksíþróttar sem gerir íþróttahreyfingunni kleift að setja sér markmið a.m.k. fjögur ár fram í tímann. Eins og staðan er núna, er mjög erfitt að starfa í íþróttahreyfingunni þar sem fjárveitingar eru ekki ljósar fyrr en í desember ár hvert, sem gerir áætlanagerð afar erfiða. Ef takast á að gera markmið um árangur fram í tímann verður að fylgja því trygging á ákveðnu grunnfjármargi.

2. Uppbygging íþróttamannvirkja fyrir sundkennslu, æfingar og keppnir

Sundsamband Íslands leggur einnig áherslu á að stjórnvöld vinni markvisst að:

- Uppbyggingu og endurbótum á sundmannvirkjum um allt land, með það að markmiði að tryggja fyrsta flokks aðstöðu fyrir sundkennslu, æfingar og keppnir.
- Samræmdri stefnu um aðgengi að sundlaugum fyrir skóla, íþróttafélög og afreksíþróttafólk.
- Fjármögnun og framkvæmd á nútímalegum, alþjóðlegum sundmannvirkjum sem uppfylla kröfur fyrir stórmót og alþjóðlega keppni.

3. Ávinningur fyrir íslenskt samfélag

Með auknum stuðningi við afreksíþróttir og bættri uppbyggingu á sondaðstöðu mun íslenskt samfélag njóta:

- Betri árangurs íslenskra íþróttamanna á alþjóðlegum vettvangi.
- Aukinnar hreyfingar og þátttöku almennings í sundíþróttum.

**66. þing**  
**Sundsambands Íslands**  
**Haldið í húskynnum SÁÁ Efstaleiti 7**  
**29. mars 2025**

**Þingskjal nr: 2025 – 15**

---

- Efldrar íþróttamenningar sem styður við heilsueflingu og forvarnir.

Við hvetjum stjórnvöld til að taka þessi mál föstum tókum og vinna að langtímaáætlun sem tryggir framtíðarsýn íslensks afreksíþróttafólks og aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Sundsamband Íslands

***Greinargerð***

---

Íþróttahreyfingin á Íslandi er eru stærsta hóphreyfing landsins sem hvetur ungt fólk og almenning til íþróttar og hreyfingar. Það forvarnarstarf sem unnið er í íþróttahreyfingunni verður ekki metið til fjár. Íþróttahreyfingin skapar fyrirmyndir ungs fólks á Íslandi til framtíðar og stuðlar að bættri heilsu landsmanna.